

## Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Guðjóns Péturssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður. Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

---

Fimmtudaginn 18. nóvember 1971.

Nr. 131/1971. Þórdís Sigurðardóttir

gegn

Unni Sigurðardóttur og  
Snorra Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1971. Gerir áfrýjandi þær dómkröfur, „að dómsathöfn, er fram fór á bæjarþingi Keflavíkur 31. ágúst 1971 í þar nefndu barnsfaðernismáli móður áfrýjanda, Unnar Sigurðardóttur gegn Snorra Jónssyni“, verði felld úr gildi, öll málsmeðferð í héraði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Þá krefst og áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti í þessum þætti málsins óskipt úr höndum stefndu.

Stefndu krefjast frávísunar málsins frá Hæstarétti og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Dómsathöfnin, sem áfrýjað er, er svohljóðandi:

„Ár 1971, þriðjudaginn 31. ágúst, var bæjarþing Keflavíkur sett á skrifstofu embættisins og haldið af Valtý Sigurðssyni með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið barnfaðernismálið: Unnur Sigurðardóttir gegn Snorra Jónssyni.

Dómari leggur fram nr. 1 bréf um beiðni á faðernisviðurkenningu, sem hljóðar svo:

„Reykjavík, 30. ágúst 1971.

Hér með er þess farið á leit, herra bæjarfógeti, að þér aflið faðernisviðurkenningar hjá hr. Snorra Jónssyni, Óðinsgötu 6, Reykjavík, en hann lýsi ég föður að dóttur minni Þórdísi, fæddri 19. 4. 1946 í Reykjavík.

Nefndur Snorri dvelst að Hringbraut 92 í Keflavík.

Geri ég engar aðrar kröfur á hendur manningnum en hann játi sig föður stúlkunnar.

Virðingarfyllst,  
Unnur Sigurðardóttir.

Vottar:

Björn Stefánsson

Garðar Garðarsson

Til bæjarfógetans í Keflavík“.

Mættur er í réttinum Snorri Jónsson, verzlunarmaður, fæddur 10. júlí 1911 í Bolungarvík, en nú til heimilis að Hringbraut 92, Keflavík. Áminntur um sannsögli.

Mætta er kynnt efni bréfsins, og viðurkennir hann það rétt vera, að hann sé faðir að stúlkubarni Unnar Sigurðardóttur, sem fæddist 19. 4. 1946 í Reykjavík.

Mætti kveður kynni þeirra Unnar hafa hafizt í Reykjavík um 1930, og varð kuningjaskapur þeirra fljótlega náinn.

Mætti kveðst hafa verið kvæntur, þegar Unnur ól umrætt barn, og hafi það ekki verið feðrað með tilliti til þessa, en það var ekkert vafamál, að því er mætti telur, að hann er faðir barnsins Þórdísar.

Upplesið, játað rétt.

Snorri Jónsson.

Rétti slitið.

Valtýr Sigurðsson.

Vottar:

Garðar Garðarsson

Eva H. Þorkelsdóttir“.

Í greinargerð áfrýjanda er m. a. þessi grein gerð fyrir sakarefninu: „Áfrýjandi er fædd 19. apríl 1946. Hún er sambýliskona Sigurðar Sigurbjarnasonar, bifreiðarstjóra, Þórsögðu 19 í Reykjavík. Áfrýjanda var einlægt tjáð af móður

hennar, stefndu Unni, að faðir hennar væri Sigurður Árnason Stefánsson (f. 4. marz 1907), og hefur áfrýjandi jafnan verið við hann kennd sem barn hans. Sigurður andaðist 28. júní 1970. Dánarbú Sigurðar er undir opinberum skiptum hjá borgarfégetaembættinu í Reykjavík. Áfrýjandi gerði erfðakröfu í bú Sigurðar. Þeirri kröfu var andmælt, þar sem samerfingjar áfrýjanda halda því fram, að hún sé ekki erfingi, þar sem faðernisviðurkenning liggja ekki fyrir. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. júlí 1971, heimilaði ráðuneytið með skírskotun til 6. mgr. 211. gr. eml. áfrýjanda að höfða mál gegn búi Sigurðar til ákvörðunar á faðerni. . . . Að loknu sumarleyfi sakadómara, Gunnlaugs Briem, skyldi gerður reki að því máli. Áður en málið yrði þingfest, var hinn 31. ágúst s.l. tekið fyrir á bæjarþingi Keflavíkur barnsfaðernismálið: Unnur Sigurðardóttir gegn Snorra Jónssyni. Umræddan dag tók fulltrúi bæjarfégeta, Valtýr Sigurðsson, við faðernisjátningu úr hendi stefnda Snorra samkvæmt bréflagri beiðni stefndu Unnar, sbr. 3. og 18. gr. laga nr. 87/1947. Bar þetta svo brátt að, að tekið var við játningunni utan þarnarþings beggja stefndu og án þess, að stefnda Unnur yrði til kvödd“.

Áfrýjandi krefst þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið. Fer hún þess á leit, að honum verði veittur 4ra mánaða frestur til öflunar gagna og ágripsgerðar.

Eigi er að lögum heimilt að áfrýja sérstaklega framangreindri skráningu faðernisviðurkenningar, sem eigi hefur gengið dómur um í héraði. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

#### Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.